

Fundargerð v. Stóra-Núpsvegur og heimreiðar

Fundarmenn: Kristjana Heyden (sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju), Valdimar Jóhannsson landeigandi á Stóra-Núpi, Haraldur Þór Jónsson Sveitarstjóri og oddviti Skeiða og Gnúpverjahrepps

Vegagerð: Héðinn Hauksson, Aron Bjarnason og Svanur G. Bjarnason

Steypuþrangur ehf: Atli Már Guðjónsson og Brynjólfur Dan.

- Rætt um að kostnaður á verki er mjög hár bæði fyrir sveitarfélagið og Vegagerð, hlutfallslega mun hærra heldur en á Þjórsárdalsvegi. Haraldur nefnir að kostnaður ætti að vera um 25m miðað við verkið í Þjórsárdal en ekki 70m eins og núverandi áætlun gerir ráð fyrir. Brynjólfur Dan nefnir að langt sé að sækja efni sem vitað er um í Núpstún eða Merkurlaut, ásamt herra olíuverði o.fl. sem hækkar kostnað
- Vegagerð, sveitarfélagið og sóknarnefnd sammála um að ekki sé hægt að fara í verkið á þessum tímapunkti miðað við þessar forsendur. Atli og Brynjólfur víkja af fundi eftir að það er ljóst.
- Haraldur nefnir að sveitarfélagið stefni á frekari uppbyggingu vega á svæðinu og því sé þörf á að skoða efnisvinnslu á svæðinu í ljósi þess hve langt er að sækja efni eins og staðan er núna. Sveitarfélagið fer í þá vinnu nú í haust.
- Svanur nefnir að 1 km kafli við Ásaskóla sé á tengivegaáætlun á næstu árum, hægt væri að sameina þessa tvo kafla í eitt útboð.
- Valdimar og Kristjana leggja áherslu á að farið verði í þetta verkefni á næsta ári, þetta sé búið að vera lengi í farvatninu.

Síða 1/1